



Sveitarfélagið Árborg

Austurvegi 2, Ráðhúsi
800 Selfossi

Reykjavík, 26. júlí 2021
Tilv.:2106385 / SBK


Efni: Beiðni um umsögn vegna beiðni um fjölgun atvinnuleyfa leigubifreiðastjóra í Árborg.

Samgöngustofu hefur borist erindi frá Leigubifreiðastöð Suðurlands, kt. 470202-2030, þar sem óskað er eftir að hámarksfjöldi atvinnuleyfa leigubifreiðastjóra í Árborg verði hækkaður um tvö leyfi, þ.e. úr átta upp í tíu. Þau rök eru færð fyrir þessari breytingu, af hálfu stöðvarinnar, að mikil fjölgun íbúa hafi orðið á svæðinu á undanförunum árum og þörf sé á fleiri leyfum til að geta þjónustað viðskiptavinum sem best.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um leigubifreiðar, nr. 134/2001, setur ráðherra í reglugerð, að fengnum tillögum Samgöngustofu, nánari reglur um fjölda leigubifreiða á ákveðnum svæðum að fenginni umsögn viðkomandi sveitarstjórna. Núverandi hámarksfjöldi fyrir sveitarfélagið Árborg er átta atvinnuleyfi, sbr. III. liður 1. mgr. 4. gr. reglugerðar um leigubifreiðar, nr. 397/2003. Þá má benda á að lágmarksfjöldi atvinnuleyfshafa á svæði skal vera tíu en víkja má frá því skilyrði þar sem íbúar eru færri en 10.000, sbr. b-liður 23. gr. sömu reglugerðar.

Samgöngustofa óskar því eftir umsögn sveitarfélagsins Árborgar vegna beiðni Leigubifreiðastöðvar Suðurlands um fjölgun leyfa um tvö leyfi og að umsögnin berist í síðasta lagi þann 9. ágúst næstkomandi.

Virðingarfyllst,
F.h Samgöngustofu


Guðrún Huld Birgisdóttir
sérfræðingur í leyfisveitingum

Samgöngustofa 